

Auglýsingar og merkingar í íþróttamannvirkjum og á íþróttasvæðum Akureyrarbæjar.



REGLUR

vegna auglýsinga og merkinga á/í íþróttamannvirkjum og íþróttasvæðum Akureyrarbæjar til viðbótar við **SAMÞYKKT UM SKILTI OG AUGLÝSINAR Í LÖGSÖGU AKUREYRARKAUPSTAÐAR** (hér eftir Samþykkt um skilti og auglýsingar) frá júní 2011.

1. gr. Auglýsingar

Í fjáröflunarskyni er íþróttafélögum og einstökum deildum þeirra heimilt að setja upp auglýsingar og merkingar í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar. Auglýsingarnar skulu samræmast jákvæðu gildi íþróttastarfs og heilbrigðs líferniss. Ekki er heimilt að auglýsa vöru eða vörumerki sem ekki eru ætluð börnum undir 18 ára aldri.

Auglýsingar sem varða stjórnsmál, trúsmál eða sem brjóta í bága við jafnrétti kynjanna eða almennt velsæmi, eru ekki leyfilegar. Einnig ber að virða almenn landslög sem kveða á um efni auglýsinga eða bann við þeim sbr. lög um bann við auglýsingum um tóbak og áfengi nr. 6/2002 og lög um samkeppni nr. 8/1993.

2. gr. Auglýsingar innanhús í íþróttamannvirkjum

Íþróttafélögum er heimilt er að setja upp auglýsingar og merkingar á vegg í íþróttamannvirkjum í samræmi við 1. gr. þar sem meistaraflokkslið félagsins er með skráðan heimavöll í Íslandsmótum. Slíkt skal þó **ávallt gert í samráði** við forstöðumann íþróttamála og fulltrúa umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrarbæjar (UMSA).

Ekki er heimilt að þekja glugga með auglýsingum og merkingum.

3. gr. Auglýsingar utanhúss á íþróttamannvirki

Auglýsingar og merkingar utan á íþróttamannvirki í eigu Akureyrarbæjar eru einungis leyfðar þeim íþróttafélögum sem eru með rekstrarsamning við Akureyrarbæ um rekstur viðkomandi íþróttamannvirkis. Heimild til uppsetningar á auglýsingum utan á íþróttamannvirkin er **háð leyfi** forstöðumanns íþróttamála og aðkomu UMSA varðandi uppsetningu í hverju tilfalli fyrir sig. Uppsetning skal vera í samræmi við ákvæði *Samþykktir Akureyrarbæjar um skilti og auglýsingar*.

Auglýsingar og merkingar utan á önnur íþróttamannvirki sem falla ekki undir rekstrarsamninga milli íþróttafélaganna og Akureyrarbæjar eru ekki leyfilegar. Frávik frá þessu eru merkingar með heiti mannvirkjanna.

4. gr. Nafngift á íþróttamannvirkjum í auglýsingaskyni.

- Heimilt er að breyta nafngift íþróttamannvirkis tímabundið í auglýsingaskyni ef að viðkomandi íþróttafélag sem eftir því óskar er með rekstrarsamning við Akureyrarbæ um rekstur viðkomandi íþróttamannvirkis. Heimildin er háð samþykki forstöðumanns íþróttamála fyrir nafngiftinni/auglýsingunni hverju sinni. Skilti utan á íþróttamannvirkið vegna nafngiftarinnar lýtur að öðru leyti *Samþykkt um skilti og auglýsingar* og skal gert í **fullu samráði** við forstöðumann íþróttamála og fulltrúa UMSA.
- Heimilt er að breyta nafngift íþróttamannvirkis tímabundið í auglýsingaskyni ef að íþróttamannvirkið er heimavöllur meistaraflokks/a viðkomandi félags sem eftir því óskar í Íslandsmótum að undangengnu samþykki forstöðumanns íþróttamála fyrir

Auglýsingar og merkingar í íþróttamannvirkjum og á íþróttasvæðum Akureyrarbæjar.



nafngiftinni/auglýsingunni. Nafngiftin er fyrst og fremst til notkunar í umfjöllun um Íslandsmótsviðburði í íþróttamannvirkinu. **Ekki er heimilt** að setja skilti með auglýsingu/nafngift utan á íþróttamannvirkið í þessu tilfalli.

5. gr. Auglýsingar á íþróttasvæðum

Auglýsingar á íþróttasvæðum skiptast í eftirfarandi:

- a) auglýsingar á íþróttaleikvöngum sem **snúa inn á við**, að leikvanginum, eru óháðar leyfum sbr. Samþykkt um skilti og auglýsingar og heimilaðar að fengnu leyfi skv. íþróttadeild Akureyrarbæjar.
- b) auglýsingar **sem ekki snúa að** íþróttaleikvanginum eru háðar leyfum sbr. Samþykkt um skilti og auglýsingar sem og leyfi frá íþróttadeild. Skv. Samþykkt um skilti og auglýsingar er hámarks auglýsingaflötur er 20m² og hámarksfjöldi skilta 5.

6. gr. Vanefndarúrræði

Ef þessum reglum er ekki fylgt, skal forstöðumaður íþróttamála veita viku frest til úrbóta. Krafa skal vera skriflega og móttakin af formanni viðkomandi félags. Verði ekki orðið við útbótum eftir ábendingar þess efnis innan tilskilins frests áskilur Akureyrarbær sér rétt til að fjarlægja auglýsingar sem eru settar upp án heimilda á kostnað hlutaðeigandi aðilda.

Brot á ákvæði á 4. gr. getur einnig útilokað aðgengi félags að æfingatímum í viðkomandi íþróttamannvirki ef ekki verður orðið strax við úrbótum.

Forstöðumaður íþróttamála getur vísað beiðnum um frávík frá þessum reglum til fræðslu- og lýðheilsuráðs.

Samþykkt á fundi frístundaráðs 18. desember 2019

Endurskoðað og samþykkt á fundi fræðslu og lýðheilsuráðs 8. október 2024